

235. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 4. júlí 2025, á Hótel Flatey

Mætt frá Breiðafjarðarnefnd: Erla Friðriksdóttir formaður, Valdís Einarsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Arnar Kristjánsson, Karl Kristjánsson, Arnheiður Jónsdóttir og Sunna Björk Ragnarsdóttir.

Forföll: Guðríður Þorvarðardóttir, varaformaður.

Mætt frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu: Jóhann Páll Jóhannsson, ráðherra, Björn Helgi Barkarson og Steinar Kaldal.

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 16.15.

1. Framtíð Breiðafjarðar

Breiðafjarðarnefnd og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ræddu framgang verkefnis um framtíð Breiðafjarðar sem Breiðafjarðarnefnd hefur haft að leiðarljósi í sínu starfi síðan 2019.

Nefndin og ráðherra átti fund í apríl 2025 þar sem næstu skref verkefnis voru rædd og á þessum fundi var haldið áfram að huga að framtíðar lausnum fyrir skilvirkari vernd Breiðafjarðarsvæðisins.

Afgreiðsla:

Eftir að hafa fundað tvisvar með ráðherra um málefni er ljóst að vinna þarf verkefnið áfram á staðbundnum vettvangi þar sem sveitarfélögin og Breiðafjarðarnefnd komi saman til að vinna saman að framtíðar vernd Breiðafjarðarsvæðis. Bæði ráðuneytið og Breiðafjarðarnefnd eru sammála um að frumkvæði að skilvirkari vernd Breiðafjarðar ætti að koma frá sveitarfélögum og sátt náist um málefnið áður en ráðuneyti taki afstöðu til þess.

2. Hraunsfjörður

Breiðafjarðarnefnd hefur fjallað um mögulega endurheimt Hraunsfjarðar, sem var stíflaður á 9. áratug 20. aldar. Lesa má nánar um hugmyndir Breiðafjarðarnefndar hér. Nefndin hefur unnið áætlum í samvinnu við landeigendur um framgang verkefnis og er í samskiptum við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið til að vinna verkefnið áfram. Nýlega hefur verið gert samkomulag við fagaðila til kanna og greina undirbúningsvinnu sem þarf áður en hægt sé að taka upplýsta ákvörðum um hagkvæmni endurheimtar Hraunsfjarðar.

Afgreiðsla:

Nefndin kynnti fyrir ráðherra stöðu verkefnis og í kjölfarið var rædd um framhald þess.

3. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.



Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður staðfundur í ágúst en nákvæm tímasetning verður ákveðið síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.15.